

Skipulagsstofnun
b.t. Þórodds F. Þóroddssonar
Laugavegi 166
150 – Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2011

Efni: Umsögn um tillögu að matsáætlun Þríhnúkagígar, Kópavogi. Aðgengi ferðamanna - aðkomuvegur, þjónustumiðstöð og aðstaða til skoðunar

Orkuveitu Reykjavíkur (OR) barst erindi frá Skipulagsstofnun dags. 11. ágúst sl. þar sem óskað var eftir umsögn fyrirtækisins um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

OR þakkar fyrir að orðið hefur verið við ósk fyrirtækisins um að vera í hópi umsagnaraðila í matsferlinu, sbr. athugasemdir fyrirtækisins við drög að tillögu að matsáætlun frá 24. júní sl., sjá fylgiskjal.

OR vill taka það fram að kalt vatn er ein þeirra náttúruauðlinda sem OR hefur umsjón með á veitusvæðum sínum og er hlutverk og markmið fyrirtækisins að tryggja íbúum höfuðborgarsvæðisins hreint vatn til framtíðar. Umsögn OR um ofangreinda framkvæmd beinist því að fyrirhuguðum áhrifum hennar á grunnvatn og neysluvatn.

Framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir

Áform um að opna gíghvelfingu Þríhnúkagígs fyrir ferðamenn er áhugavert verkefni frá sjónarhóli náttúruupplifunar og ferðaþjónustu. Staðsetning fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar veldur OR hins vegar verulegum áhyggjum. Fyrirhuguð framkvæmd mun fela í sér gerð tæplega 3 km aðkomuvegar frá Bláfjöllum, bílastæði, gönguleiðir, útsýnisstað, allt að 2000 m² aðkomubyggingu, borun tæplega 350 m jarðgangna og vatnsveitu vegna borana. Starfsemi og rekstur þjónustumiðstöðvar mun fela í sér móttöku, veitingaaðstöðu, snyrtingu, lagningu vatnsveitu og rafstrengs og jafnvel hótélrekstur. Í upphafi er gert ráð fyrir að um 200 þúsund gestir heimsæki Þríhnúkagíg á ári en til framtíðar verði þeir allt að 500 þúsund á ári. Umferð ferðamanna að og frá þjónustumiðstöðinni og flutningar á eldsneyti og olíu mun fara um Bláfjallaveg, um Bláfjallaleið og nýjan aðkomuveg.

OR telur að fyrirhuguð framkvæmd ásamt starfsemi sem henni fylgir muni fela í sér óviðunandi hættu á mengun grunnvatns og vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Hér að neðan er gerð grein fyrir þessu sjónarmiði OR.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum – Áhrif á grunnvatn og neysluvatn

Aðgangur að ómengdu neysluvatni er án efa verðmætasta auðlind íbúa höfuðborgarsvæðisins, sbr. m.a. svæðisskipulag af verndarsvæðum vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu, umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar og Staðardagskrá 21. Fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi við Þríhnúkagíg er á svæði sem skilgreint er sem fjarsvæði A vegna vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Umferð að og frá gígnum mun

fara um Bláfjallaveg, Bláfjallaleið og nýjan aðkomuveg sem liggja um svæði sem skilgreint er sem fjarsvæði A. Stór hluti Bláfjallavegar liggur einnig um svæði sem skilgreint er sem grannsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjarsvæðið sé aðalákomusvæði fyrir grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi- og framtíðarvatnsbólum höfuðborgarsvæðisins. Atvinnurekstur og starfsemi á fjarsvæðum vatnsverndar er háð ströngum skilyrðum, m.a. háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda og leyfi fyrir starfsemi er aðeins veitt ef tryggt er að grunnvatn mengist ekki. Í vor voru ný lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála samþykkt á Alþingi. Með setningu laganna er aukin áhersla lögð á að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heilstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Það er forgangsatriði að vatnsbólum verði ekki spillt með framkvæmdum og starfsemi sem þeim fylgir. Auk óviðunandi hættu sem blasir við af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi vegna þjónustumiðstöðvar við Þríhnúka, vill OR benda á að miklar framkvæmdir á fjar- og grannsvæði vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu eru slæm ímynd fyrir öruggt neysluvatn.

Fráveita. Í kafla 5.6.1 kemur fram að ekki sé ljóst hver útfærsla verði á fráveitu. Fjallað verði um magn fráveituvatns, kosti í förgun og áhrif förgunar í frummatsskýrslu.

Af lýsingu í tillögunni má ráða að ekki sé gert ráð fyrir að allt skólþ verði flutt burt af svæðinu. Það er hins vegar sá kostur sem OR hugnast best. Að mati OR má enginn vafi vera á mengunarhættu vegna vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins og er því gerð krafa um að framkvæmdaraðili vinni hættumat vegna mengunar vatnsbóla vegna fráveitu þar sem mismunandi kostir eru metnir, m.a. sá kostur að flytja allt skólþ af svæðinu. Unnt er m.a. að nota grunnvatnslíkan af svæðinu við það mat.

Umferðaröryggi. Í kafla 7.2. og kafla 7.3 kemur fram að aukin umferð um Bláfjallaveg og Bláfjallaleið auki líkur á slysum og þar með hættu á mengun grunnvatns.

OR vill benda á að núverandi Bláfjallavegur og Bláfjallaleið muni tæplega geta borið þá umferð sem fyrirhuguð er vegna áforma við Þríhnúkagíg. Þessir vegir eru í umsjá Vegagerðarinnar. Núverandi vegur er á köflum þannig að fari ökutæki útaf honum er hætta á tjóni með tilheyrandi mengun. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert er ráð fyrir að vegir á svæðinu verði rýndir og áhættugreindir. Mikilvægt er að kveðið verði fastar að orði þannig að ljóst sé hvort ráðist verði í þessa vinnu. Það er umhugsunaratriði í þessu sambandi að Bláfjallavegur og Bláfjallaleið eru ekki á forræði framkvæmdaraðila heldur Vegagerðarinnar. OR er ekki kunnugt um að Vegagerðin hyggist ráðast í úrbætur á þessum vegum.

Jarðgöng. Í tillögu að matsáætlun er ekki greint frá því hvernig brugðist verður við fari rafmagn af jarðgöngunum. OR vill benda á að þörf kunni að vera á uppsetningu vararafstöðvar með tilheyrandi olíubirgðum við gíginn eða einhvers staðar fjær til að koma í veg fyrir að fjöldi fólks verði í iðrum jarðar í niðamykri. Flutningar á olíu um vatnsverndarsvæði og geymsla hennar eykur hættu á mengun vatnsbóla.

Umgengni. OR telur að gera þurfi áætlun um hvernig góð umgengni verði tryggð á og að svæðinu.

Kort. Í tillögu að matsáætlun er ekki að finna kort sem sýnir grunnvatnsstrauma, vatnsverndarsvæði, heiti vatnsbóla og fyrirhugaðar framkvæmdir. Úr því þarf að bæta.

Samlegðaráhrif. Núverandi starfsemi skíðasvæða í Bláfjöllum skapar hættu á mengun grunnvatns. OR hefur haft af því áhyggjur um langt skeið og komið þeim á framfæri við

hlutaðeigandi aðila. Fyrirhuguð framkvæmd eykur stórlega á þessa hættu og stuðlar að óviðunandi uppbyggingu á svæðinu með tilliti til vatnsverndar. OR vill einnig benda á möguleg frekari neikvæð samlegðaráhrif sem rekstur þjónustumiðstöðvar við Þríhnúkagíg kann að hafa för með sér. Þannig má vænta þess að aðrir rekstraraðilar vilji nýta sér þá umferð ferðamanna sem áætluð er að fari um svæðið verði af framkvæmdum sem aftur hefur í för með sér enn aukna hættu á mengun.

Framkvæmda- og áhrifasvæði

Á mynd 3 í kafla 4.2 eru afmörkuð tvö áhrifa- og rannsóknarsvæði vegna framkvæmdarinnar:

1. Svæði A vegna áhrifa á framkvæmdatíma, vegna nýrra veglína og/eða reksturs ferðamannastaðar við Þríhnúkagíg.
2. Svæði B vegna áhrifa af aukinni umferð um Bláfjallaveg verði Þríhnúkagígur opnaður ferðamönnum.

OR vekur athygli á þröngri afmörkun svæðis A á mynd 3. OR telur að vatnsbólum á höfuðborgarsvæðinu muni stafa hætta af mengun bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Eins og fram kom í athugasemdum OR frá 24. júní sl. má gera ráð fyrir að magn skólps frá rekstri geti samsvarað því sem vænta megi frá íbúðarbyggð eins og Vík í Mýrdal. Samkvæmt grunnvatnslíkani eru vatnsból Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar á áhrifasvæði Þríhnúkagígar á framkvæmda- og rekstrartíma. Svæði A þarf því að útvíkka til vesturs og norðurs. Úr þessu þarf að bæta.

OR vekur einnig athygli á að norðurmörk svæðis B efst á mynd 3 eru dregin þannig að svæðið nær ekki yfir vatnsból Gvendarbrunna og Myllulækjartjarnar. Samkvæmt grunnvatnslíkani eru vatnsbólin að mati OR innan áhrifasvæðis Bláfjallavegar en hann liggur þar um fjarsvæði A og grannsvæði vegna vatnsverndar. Svæði B þarf að ná utan um vatnsbólin. Úr þessu þarf að bæta.

Lokaorð

OR telur þá hættu sem vatnsbólum höfuðborgarbúa er búin með fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi algerlega óviðunandi. Höfuðborgarbúar mega ekki missa vatnsból sín og er hætt við að ekki verði aftur snúið í kjölfar mengunarslyss á svæðinu. OR telur að hagsmunir vatnsverndar á þessu svæði og hollustu neysluvatns vegi mun þyngra en hagsmunir ferðaþjónustu og útivistar.

Velji framkvæmdaaðli að halda verkefninu áfram er mikilvægt að brugðist verði við ofangreindum athugasemdum OR í mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Hólmfríður Sigurðardóttir
umhverfisstjóri

Fylgiskjal: Athugasemd OR við drög að tillögu að matsáætlun Þríhnúkagígs dags. 24. júní 2011
Afrit: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis